

ABC barnahjálp á Íslandi
Ársreikningur
2013

ABC barnahjálp á Íslandi
Siðumúla 29
108 Reykjavík
Kt. 690688-1589

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Sundurliðanir	10

Skýrsla og áritun stjórnar

Starfsemi ABC barnahjálpar á Íslandi var með sama sniði og undanfarin ár. Efnahagsástandið á Íslandi var slæmt og gengi krónunnar hélst áfram óhagstætt fyrir ABC. Skráðir stuðningsaðilar í lok árs voru 5800, fækkaði um 314 á árinu. Börn sem fengu stuðning frá ABC voru 9.418 talsins í árslok eða 1.703 færri en í lok árs 2012. Þar af bjuggu um 2.448 á heimavistum reknur af ABC barnahjálpi.

Í Pakistan stunduðu 2.997 börn nám á árinu í 13 skólum. Þar af bjuggu 500 börn á heimavistinni í Machike. Þó svo að bygging nýs skóla fyrir heimavistarbörnin standi enn yfir hefur skólinn nú þegar verið tekinn í notkun þar sem námsaðstaðan er betri í ókláruðu byggingunni heldur en í bráðabirgðahúsnæðinu. Brýnt er að afla fjár til að ljúka byggingu skólans sem fyrst. Utanríkisráðuneyti Íslands veitti styrk til byggingar heimavistar fyrir stúlkur á sama stað og eru framkvæmdir hafnar við heimavistina.

Á Indlandi dvöldu og stunduðu 1.726 börn og ungmenni nám á Heimili litlu ljósanna en það var einn af örfáum heimavistarskólum í héraðinu sem hefur nýverið fengið viðurkenningu stjórnvalda og þar með rekstrarleyfi samkvæmt nýjum reglum. Vegna ákvörðunar Indlandsstjórnar að koma upp skólum í þorpum Dalíta, niðurskurðar í kjölfar gengishrunsins á Íslandi og fækkunar stuðningsaðila var ákveðið að hætta stuðningi við 1200 börn í kvöldskólum í 30 Dalítapörpum á Indlandi.

Comforter starfið í Chennai á Indlandi hefur átt í fjárhagserfiðleikum og hefur ekki tekist að afla fjár til að byggja nauðsynlegan öryggismúr umhverfis heimilið og skólalóðina. Undir lok árs 2012 gerðu yfirvöld kröfu um að heimavistinni yrði lokað þar til úrbætur hefðu verið gerðar og að börnin væru send heim til forráðamanna á meðan. Dagskólinn er starfræktur áfram fyrir 156 börn úr nærliggjandi þorpum og heimsendu börnin sem eiga stuðningsaðila fá styrk frá ABC til að ganga í aðra skóla.

Í Úganda fengu 1519 börn stuðning til náms frá Íslandi í ABC skólunum í Kasangati, Kitetika og Rackoko en stuðningur við börn í ríkisskólum í Guluhéraði hefur nánast lagst af. Starfið í Úganda hefur gripið til þess ráðs að brúa bilið með því að taka einnig inn í skólana börn sem geta borgað skólagjöld og nú er svo komið að um helmingur barnanna í skólunum koma frá fjölskyldum sem geta greitt fyrir menntun barnanna að einhverju leyti en alls stunda um 3540 börn nám í ABC skólunum í Úganda. Áfram var rekin útvarpsstöð sem gegnir mikilvægu hlutverki í uppfærðslu foreldra og verndun barna.

Árið 2013 var viðburðarríkt fyrir starfið í Kenýa. Lokið var við byggingu á litlum skóla í Namelok í Oloitoktok auk þess sem önnur skólabygging með fleiri skólastofum var byggð ásamt brunni með styrk frá bandarískum samtökum. Hafist var handa við nýja, stóra skólabyggingu á lóð ABC í Kariobangi fátækrahverfinu og var hluti hennar tekinn í notkun um áramótin. Byggingin var að hluta til styrkt frá utanríkisráðuneytinu og er fyrsta hæðin byggð í þessum áfanga. Samtals styrkti ABC um 791 barn til náms í Kenýa árið 2013.

Í Líberíu var áfram unnið að lausn mála varðandi landamál ABC auk þess sem litla barnaheimilið var rekið áfram fyrir 42 börn og ungmenni.

Í Senegal var rekinn skóli í leiguhúsnæði í Dakar fyrir 196 börn á aldrinum 3ja-11 ára en rekstri fótboltaskóla og athvarfs fyrir götudrengi var hætt í bili.

Í Burkina Faso var nýr árgangur með 50 börnum tekinn inn í skólann um haustið og stunda þar nú um 342 börn nám. Starfið fékk styrk frá samtökum í Bandaríkjunum til að byggja heilsugæslu, saumastofu og eina skólastofu. Einnig var verkmenntanámi komið á og útbúinn var fótbolta- og körfuboltavöllur fyrir skólann.

Á Filippseyjum hélt samstarfið við Norrænu barnahjálpinu áfram með svipuðu sniði og voru styrktarbörnin samtals 543. ABC barnahjálpi á Filippseyjum hélt áfram að byggjast upp með stuðningi frá ABC í Bandaríkjunum. Í lok árs stunduðu samtals 969 börn nám í 9 ABC skólum á Filippseyjum.

Innanlands var Maritafærðslan áfram studd til að vera með jákvæða forvarnafræðslu í grunnskólum fyrir 5. bekinga og foreldra þeirra undir kjörorðinu: Vertu þú sjálfur.

Skýrsla og áritun stjórnar frh.:

Áfram var rekinn Nytjamarkaðurinn í Súðarvogi 3, Hakuna Matata á Laugavegi 103 og lista- og minningamiðstöðin Líf fyrir líf einnig á Laugavegi 103. Þessar fjáröflunarstöðvar voru reknar af Vínafélagi ABC barnahjálpar.

ABC skólinn útskrifaði einn hóp af námskeiði í þróunar- og hjálparstarfi á árinu. 20 nemendur luku námi á vorönn og fóru 19 þeirra í vettvangsferð til Kenýa. Einnig var boðið upp á námskeið í spænsku og bragfræði. Þessi námskeið kallast tvöfalt gagn því kennarar á námskeiðunum gefa vinnu sína en námskeiðsgjöld renna þess í stað til að greiða laun kennara á vettvangi.

Á árinu 2013 voru starfsmenn ABC á Íslandi tólf til sextán talsins í samtals 9,28 til 12,97 stöðugildum, að meðaltali 10,83 stöðugildi. Þar af var um helmingur starfsmanna á skrifstofunni en hinir á fjáröflunarstöðvunum. Vinnumála- og Tryggingastofnun greiddu mótframlög vegna launa sex starfsmanna. Starfsmenn voru allir á launaskrá hjá Vínafélagi ABC barnahjálpar og koma því ekki fram í ársreikningi ABC barnahjálpar. Allur annar rekstrarkostnaður ABC barnahjálpar var einnig greiddur af Vínafélagi ABC að undanskildum þjónustugjöldum banka og kortafyrirtækja sem eru tekin sjálfvirk af framlögum.

Að meðaltali voru um 7 starfsmenn erlendis við hjálparstörf, flestir í Afríku.

Fjöldinn allur af sjálfbóðaliðum kom að starfi ABC barnahjálpar á árinu og sinntu þeir ýmsum störfum. Margir þeirra unnu við ýmis störf á Nytjamarkaðinum, Hakuna Matata og Líf fyrir líf auk þess sem unnið var við pökkun og sölu korta og súkkulaðis, söfnunarbauka og safnanir, endurskoðun, auglýsingagerð, hjálparstarf erlendis o.fl.

Óbeinar gjafir til starfsins á árinu voru t.d. pappír, prentun, kaffi, brauð, afnot af bíl, bensín, viðgerðir, varahlutir, dekk, tryggingar og margs konar vörur og gjafabréf sem fengust sem happdrættisvinningar í súkkulaðipakka ofl.

Fjármunir sem sendir voru til hjálparstarfa erlendis frá ABC á Íslandi námu 1,8 millj. kr. lægri fjárhæð en á árinu áður.

Úthlutun samkvæmt skipulagsskrá til hjálparstarfa erlendis frá ABC á Íslandi nam 318,5 milljónum króna.

Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur ABC barnahjálpar á Íslandi í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2013 og rekstrarafkomu ABC barnahjálpar á Íslandi og breytingu á handbæru fé á árinu 2013.

Stjórn ABC barnahjálpar á Íslandi hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2013 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 20 / 5 2014.

Í stjórn Vínafélags ABC barnahjálpar:

Emönn Þrína Þórháksdóttir
Páll Ralfur
Bjarkir
Guðni Margrét Pásd.
Pétur Höfjesson
Nils Gíslason
Björg Elfsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar ABC barnahjálpar á Íslandi.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning ABC barnahjálpar á Íslandi fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit og sundurliðanir.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 20 / 5 2014.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2013

	2013	2012
Rekstrartekjur:		
Gjafir og áheit	260.460.959	291.318.249
Söfnunarfé: Börn hjálpa börnum og aðrar safnanir	17.602.248	17.031.043
Framlag frá Vinafélagi ABC barnahjálpar	5.489.745	4.820.117
Opinberir styrkir	17.671.580	22.267.660
	<u>301.224.532</u>	<u>335.437.069</u>
Rekstrargjöld:		
Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá	318.501.403	320.348.924
Annar rekstrarkostnaður	4.445.489	5.198.234
	<u>322.946.892</u>	<u>325.547.158</u>
(Rekstrartap) -hagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	(21.722.360)	9.889.911
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur og gengismunur	314.853	476.027
Fjármagnstekjuskattur	(62.964)	(95.829)
	<u>251.889</u>	<u>380.198</u>
(Tap) hagnaður ársins	<u>(21.470.471)</u>	<u>10.270.109</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	2013	2012
Fastafjármunir:		
ABC barnahjálpar International, stofnframlag	230.000	230.000
Fastafjármunir samtals	<u>230.000</u>	<u>230.000</u>
Veltufjármunir:		
Viðskiptakröfur	50.000	138.952
Óbundnar bankainnstæður	5.775.382	27.156.901
Veltufjármunir samtals	<u>5.825.382</u>	<u>27.295.853</u>
Eignir samtals	<u><u>6.055.382</u></u>	<u><u>27.525.853</u></u>

31. desember 2013

Eigið fé

	2013	2012
Eigið fé:		
Óráðstafað eigið fé	6.055.382	27.525.853
Eigið fé samtals	<u>6.055.382</u>	<u>27.525.853</u>

Eigið fé samtals	<u>6.055.382</u>	<u>27.525.853</u>
-------------------------	------------------	-------------------

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2013

	2013	2012
Rekstrarhreyfingar:		
(Tap) hagnaður ársins	(21.470.471)	10.270.109
Veltufé (til) frá rekstri	(21.470.471)	10.270.109
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur, lækkun	88.952	653.205
	<u>88.952</u>	<u>653.205</u>
Handbært fé (til) frá rekstri	(21.381.519)	10.923.314
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(21.381.519)	10.923.314
Handbært fé í ársbyrjun	27.156.901	16.233.587
Handbært fé í árslok	<u>5.775.382</u>	<u>27.156.901</u>

Sundurliðanir

	2013	2012
Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá		
Sent til Comforter Ministries á Indlandi	9.327.059	12.636.679
Sent til ABC barnahjálpar á Filippseyjum	10.551.205	10.232.138
Sent til ABC barnahjálpar í Úganda	48.936.915	50.863.029
Sent til Reach / Heimilis litlu ljósanna á Indlandi	60.101.447	73.516.683
Sent til Mission of Mercy	518.971	591.033
Sent til ABC barnahjálpar í Senegal	3.373.751	3.669.536
Sent til ABC barnahjálpar í Pakistan	73.198.579	62.676.514
Sent til ABC barnahjálpar í Kenýa	65.227.240	61.332.471
Sent til ABC barnahjálpar í Líberíu	766.544	858.842
Sent til ABC barnahjálpar í Burkina Faso	10.612.789	7.207.425
Sent til Norrænu barnahjálparinnar v/ barnahjálpar á Filippseyjum	13.528.741	14.047.676
Sent til ABC barnahjálpar í USA v/ barnahjálpar á Filippseyjum og Pakistan	3.826.389	7.842.036
Sent til ABC barnahjálpar í Færeyjum v/ barnahjálpar í Líberíu og Senegal	6.364.106	7.119.030
Framlag vegna launa og annars kostnaðar vegna hjálparstarfs erlendis	11.167.667	6.235.832
Framlag til Marita forvarnarfræðslunnar vegna hjálparstarfs innanlands	1.000.000	1.520.000
	318.501.403	320.348.924
Annar rekstrarkostnaður		
Þóknun vegna greiðslukorta og þjónustugjöld	4.443.839	5.195.503
Ýmis gjöld	1.650	2.731
	4.445.489	5.198.234
Óráðstafað eigið fé:		
Eigið fé 1.1.2013	27.525.853	17.255.744
(Tap) hagnaður ársins	(21.470.471)	10.270.109
Eigið fé 31.12.2013	6.055.382	27.525.853